

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu verða sem hér segir:

b) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra kr. 37,00

Iðnaðarráðuneytinu, 20. október 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

**um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum,
JAR – OPS 3, Change 1.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefinnar af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að reglur um flugrekstur með þyrlum, JAR-OPS 3 (þyrlur), Change 1 sem unnar hafa verið á vettvangi Flugöryggissamtaka Evrópu JAA, og út voru gefnar 1. febrúar 1999, skulu taka gildi gagnvart íslenskum flugrekendum á Íslandi þann 1. janúar 2001.

Reglur um flugrekstur með þyrlum, JAR – OPS 3, Change 1 eru birtar í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands), á ensku. Hægt er að nálgast eintak af reglunum á kostnaðarverði á skrifstofu Flugöryggisviðs Flugmálastjórnar á Reykjavíkurlugvelli eða á heimasíðu Flugmálastjórnar <http://www.caa.is>.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. október 2000.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag fyrir Arnargerði í Blönduósbæ.

Skipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Blönduósi, 11. október 2000.

Byggingarfulltrúi Blönduósbæjar,

Rolf Árnason.